



# *Síldarvinnslan hf*

**Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu 1. janúar - 31. mars 2024**



**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024 .....	3
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024 .....	4
Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2024 .....	5 - 6
Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024 .....	7
Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024 .....	8
Skýringar .....	9 - 15

**Síldarvinnslan hf.**

Kennitala 570269-7479

Hafnarbraut 6, Neskaupstað

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok tímabilsins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf., Vísir ehf., Sjávarmál ehf., Daðey ehf., Mar Guesthouse ehf., Samvís ehf., Vísir GmbH., Þorvís ehf., DSFU og Pytheas Seafood P.C.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 81,4 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 11,3 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 1.071,4 milljónum dollara í lok tímabilsins.

Eigið fé samstæðunnar nam 625,7 milljónum dollara í lok tímabilsins en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 3,3 milljónir dollara. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 58,4% í lok tímabilsins.

### *Kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf.*

Þann 26. september síðastliðinn var skrifað undir kaup Síldarvinnslunnar hf. á helmingshlut í sölufyrirtækinu Ice Fresh Seafood ehf. Kaupin eru háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar og samþykki Samkeppniseftirlitsins á þeim. Áhrif kaupanna verða ekki færð í efnahagsreikning samstæðunnar fyrr en öllum skilyrðum hefur verið fullnægt og fyrirvörum aflétt. Sjá nánar skýringu 9.

### *Áhrif náttúruhamfara í Grindavík*

Áframhaldandi starfsemi og rekstrargrundvöllur í Grindavík er til skoðunar en við mat á því skiptir öryggi starfsfólks og váttryggingarvernd miklu máli. Það er ljóst að sú röskun sem orðið hefur á starfsemi Vísis hefur valdið tjóni í formi tapaðrar framlegðar. Unnið er að því að móta framtíðarstefnumörkun fyrir reksturinn. Sjá nánar skýringu 9.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum ársreikninga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2024. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024 með undirritun sinni.

Neskaupstaður, 23. maí 2024.

Anna Guðmundsdóttir  
Meðstjórnandi

Erla Ósk Pétursdóttir  
Meðstjórnandi

Þorsteinn Már Baldvinsson  
Stjórnarformaður

Gunnþór Ingvason  
Forstjóri

Baldur Már Helgason  
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason  
Meðstjórnandi

## Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024

	Skýringar	2024 1.1-31.3	2023 1.1-31.3
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seldar vörur .....		81.280.584	131.469.183
Hagnaður af sölu eigna .....		90.637	9.879
		<u>81.371.221</u>	<u>131.479.062</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		37.809.303	59.843.395
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður .....		21.818.197	29.724.734
Annar rekstrarkostnaður .....		2.536.970	2.351.187
		<u>62.164.470</u>	<u>91.919.316</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>			
		19.206.751	39.559.746
Afskriftir fastafjármuna .....	4	4.672.344	4.945.535
Rekstrarhagnaður .....		<u>14.534.407</u>	<u>34.614.211</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		1.370.149	531.288
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(5.433.074)	(4.435.714)
Gengismunur .....		980.072	3.555.196
Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum .....		979.660	747.246
		<u>(2.103.193)</u>	<u>398.016</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna .....		1.553.808	1.428.451
		<u>1.553.808</u>	<u>1.428.451</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt af áframhaldandi starfsemi</b>			
		13.985.022	36.440.678
Tekjuskattur .....		(2.716.472)	(6.913.114)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<u>11.268.550</u>	<u>29.527.564</u>
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt: .....			
Eigendur félagsins .....		11.047.467	29.174.491
Hlutdeild minnihluta .....		221.083	353.073
		<u>11.268.550</u>	<u>29.527.564</u>
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Hagnaður eigenda félagsins			
á útistandandi hlut .....		0,0060	0,0167
<b>Starfspáttayfirlit</b>			
	3		

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

## Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024

	Skýringar	2024 1.1-31.3	2023 1.1-31.3
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		11.268.550	29.527.564
<b>Önnur heildarafkoma</b>			
<i>Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:</i>			
Pýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum .....		(6.752.797)	(5.859.580)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>		<u>4.515.753</u>	<u>23.667.984</u>
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins .....		4.377.310	23.196.604
Hlutdeild minnihluta .....		138.443	471.380
		<u>4.515.752</u>	<u>23.667.984</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

## Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2024

Eignir	Skýringar	31.3.2024	31.12.2023
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir:			
Fiskveiðiheimildir .....		497.087.379	502.329.577
		<u>497.087.379</u>	<u>502.329.577</u>
Rekstrarfjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	4	237.494.475	237.392.125
Fastafjármunir í smíðum .....		0	2.675.669
Leiguréttindi .....		2.490.649	2.593.158
		<u>239.985.124</u>	<u>242.660.952</u>
Fjárfestingar:			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....		140.095.039	141.416.328
Eignarhlutar í öðrum félögum .....		2.778.232	2.816.428
Skuldabréfaeign .....		64.994	66.134
		<u>142.938.265</u>	<u>144.298.890</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		880.010.768	889.289.419
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	5	80.087.119	86.181.577
Viðskiptakröfur .....	6	35.365.067	35.353.442
Aðrar skammtímakröfur .....		7.040.524	6.414.094
Handbært fé .....		68.858.652	81.650.166
		<u>191.351.362</u>	<u>209.599.279</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		191.351.362	209.599.279
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.071.362.130</u>	<u>1.098.888.698</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

## Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2024

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31.3.2024	31.12.2023
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		15.122.610	15.122.610
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		126.764.582	126.764.582
Annað bundið eigið fé .....		60.603.201	63.370.670
Óráðstafað eigið fé .....		419.915.207	436.036.960
		<u>622.405.600</u>	<u>641.294.822</u>
Hlutdeild minnihluta .....		3.317.694	3.179.252
		<u>625.723.294</u>	<u>644.474.074</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir .....	7	260.012.736	254.572.356
Leiguskuldbinding .....		1.280.920	1.363.348
Tekjuskattsskuldbinding .....		102.795.698	104.112.190
		<u>364.089.354</u>	<u>360.047.894</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir .....	7	19.429.467	2.561.814
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	7	12.345.044	47.538.882
Reiknaðir skattar ársins .....		2.954.926	18.028.190
Viðskiptaskuldir .....		18.542.709	13.111.842
Aðrar skammtímaskuldir .....		27.601.449	11.191.778
Skuldir við tengd félög .....	8	675.887	1.934.224
		<u>81.549.482</u>	<u>94.366.730</u>
<b>Skuldir samtals</b>		445.638.836	454.414.624
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.071.362.130</u>	<u>1.098.888.698</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	9		

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

## Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>1. janúar - 31. mars 2023:</b>						
Staða í ársbyrjun .....	15.122.610	126.764.582	38.733.766	402.096.549	2.541.465	585.258.972
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins .....				29.174.491	353.073	29.527.564
Þýðingarmunur .....			(5.977.887)		118.307	(5.859.580)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur .....			9.074.666	(9.074.666)		0
- gangvirðisreikningur .....			(708)	708		0
	0	0	3.096.071	20.100.533	471.380	23.667.984
Staða í lok tímabils .....	15.122.610	126.764.582	41.829.837	422.197.082	3.012.845	608.926.956
	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>1. janúar - 31. mars 2024:</b>						
Staða í ársbyrjun .....	15.122.610	126.764.582	63.370.670	436.036.960	3.179.252	644.474.074
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins .....				11.047.467	221.083	11.268.550
Þýðingarmunur .....			(6.670.157)		(82.640)	(6.752.797)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur .....			3.902.723	(3.902.723)		0
- gangvirðisreikningur .....			(35)	35		(0)
	0	0	(2.767.469)	7.144.779	138.443	4.515.752
<i>Eigendur:</i>						
Greiddur arður .....				(23.266.532)		(23.266.532)
	0	0	0	(23.266.532)	0	(23.266.532)
Staða í lok tímabils .....	15.122.610	126.764.582	60.603.201	419.915.207	3.317.694	625.723.294

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. vegna rekstrarársins 2023 var haldinn 21. mars 2024. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 3.200 milljónir kr. (23,3 milljónir USD) sem jafngildir 1,73 krónum á hlut (2023: 1,86 króna á hlut). Arðurinn var greiddur þann 26. mars 2024.

Há fjárhæð þýðingarmunar á tímabilinu er vegna dótturfélagsins Vísis ehf. og hlutdeildarfélagssins Arctic Fish. Félögin gera bæði upp í evrum (EUR). Vegna þessa er færður neikvæður þýðingarmunur að fjárhæð USD 3,6 milljónir vegna Vísis ehf. og USD 2,5 milljónir vegna hlutdeildarfélagssins Arctic Fish. Jafnframt er neikvæður þýðingarmunur vegna annarra dóttur- og hlutdeildarféлага samtals fjárhæð USD 0,6 milljón.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.



## Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024

	Skýringar	2024 1.1-31.3	2023 1.1-31.3
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri			
Rekstrarhagnaður tímabilsins .....		14.534.407	34.614.211
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	4.672.344	4.945.535
Aðrir liðir .....		(90.636)	4.093
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>19.116.115</u>	<u>39.563.839</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) .....		(952.209)	(10.975.290)
Birgðir, lækkun (hækkun) .....		5.691.291	(22.844.077)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		7.096.320	22.392.888
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>30.951.517</u>	<u>28.137.360</u>
Innborgaðir vextir og arðstekjur .....		585.283	472.593
Greiddir vextir .....		(5.766.702)	(4.681.769)
Aðrir fjármunaliðir .....		715.849	2.746.457
Greiddir skattar .....		(3.391.988)	(2.653.478)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>23.093.959</u>	<u>24.021.163</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	4	(3.478.452)	(1.193.893)
Fjárfest í fastafjármunum í smíðum .....		0	(5.347.218)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....		293.124	714
Keyptir eignarhlutar í öðrum félögum .....		(18.182)	0
		<u>(3.203.510)</u>	<u>(6.540.397)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....	7	(26.113.068)	(13.529.420)
Greiddur arður .....		(23.270.321)	0
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir .....		16.987.714	6.433.490
		<u>(32.395.675)</u>	<u>(7.095.930)</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>		(12.505.226)	10.384.836
Handbært fé í byrjun árs .....		81.650.166	77.289.688
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga .....		(286.288)	558.687
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>		<u>68.858.652</u>	<u>88.233.211</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundum félagsins þann 23. maí 2024.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2023.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2023. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

## 3. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspættir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfspætti, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfspættir falla undir liðinn *Annað*.

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>1.1.-31.3. 2023</b>						
Seldar vörur .....	57.816.344	109.329.649	10.117.623	(43.757.339)	(2.037.093)	131.469.183
Hagnaður af sölu eigna .....	0	714	9.165	0	0	9.879
Kostnaðarverð seldra vara .....	17.733.787	79.160.451	8.743.588	(43.757.339)	(2.037.093)	59.843.395
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ....	19.767.484	8.147.403	1.809.848	0	0	29.724.734
Annar rekstrarkostn. ....	629.572	342.084	1.379.532	0	0	2.351.187
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir .....	19.685.501	21.680.425	(1.806.181)	0	(0)	39.559.746
Afskriftir fastafjármuna ...	(2.864.628)	(1.958.082)	(122.825)	0	0	(4.945.535)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						398.016
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélag						1.428.451
Tekjuskattur .....						(6.913.114)
Hagnaður tímabilsins ....						29.527.564
Fjárfestingar .....	(111.020)	(5.451.504)	(978.587)	0	0	(6.541.111)
Rekstrarfjármunir .....	133.248.760	100.710.224	6.911.278	0	0	240.870.262
Óefnislegar eignir, óskiptar						495.513.276
Aðrar eignir, óskiptar .....						372.181.458
Skuldir, óskiptar .....						(499.638.040)

## Skýringar

### 3. Starfsþáttayfirlit (framhald)

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin affi	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>1.1.-31.3. 2024</b>						
Seldar vörur .....	34.882.629	60.176.172	17.942.137	(23.259.151)	(8.461.203)	81.280.584
Hagnaður af af sölu eigna .....	0	54.269	36.368	0	0	90.637
Kostnaðarverð seldra vara .....	12.151.452	40.899.998	16.478.207	(23.259.151)	(8.461.203)	37.809.303
Laun, aflahlutir og annar starfsm.kostn. ....	14.481.087	5.513.061	1.824.049	0	0	21.818.197
Annar rekstrarkostn. ....	626.793	589.145	1.321.031	0	0	2.536.970
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir .....	7.623.297	13.228.237	(1.644.783)	0	0	19.206.751
Afskriftir fastafjármuna ...	(2.561.354)	(1.990.228)	(120.762)	0	0	(4.672.344)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						(2.103.193)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага						1.553.808
Tekjuskattur .....						(2.716.472)
Hagnaður tímabilsins						11.268.550
Fjárfestingar .....	0	(3.230.677)	(247.775)	0	0	(3.478.452)
Rekstrarfjármunir .....	121.857.446	110.967.672	7.160.006	0	0	239.985.124
Óefnislegar eignir, óskiptar						497.087.379
Aðrar eignir, óskiptar .....						334.289.627
Skuldir, óskiptar .....						(445.638.836)

### 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestinga í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
<b>Í lok tímabils 31.3.2024:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	50.409.095	123.966.641	63.016.388	237.392.126
Viðbót tímabilsins .....	0	0	3.478.452	3.478.452
Bókfært verð seldra eigna .....	(192.910)	0	(9.577)	(202.487)
Flutt af fastafjármunum í smíðum .....	2.675.670	0	0	2.675.670
Áhrif gengisbreytinga .....	(290.260)	(733.566)	(220.243)	(1.244.069)
Afskriftir .....	(476.531)	(2.511.033)	(1.617.651)	(4.605.215)
Bókfært verð í lok tímabils .....	52.125.064	120.722.042	64.647.369	237.494.475
	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Bókfært verð í lok tímabils 31.03.2024 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	101.526.362	195.700.331	158.247.108	455.473.801
Afskrifað samtals .....	(49.401.299)	(74.978.289)	(93.599.739)	(217.979.326)
Bókfært verð í lok tímabils .....	52.125.063	120.722.042	64.647.369	237.494.475
Afskriftahlutfall á ári .....	0-6%	4-10%	6-20%	
Afskriftir greinast þannig:			1.1.-31.3.2024	1.1.-31.3.2023
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....			4.605.215	4.879.297
Afskriftir leiguréttinda og geymsluhólfa .....			67.129	66.238
			4.672.344	4.945.535

## Skýringar

### 5. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	31.3.2024	31.12.2023
Hráefni .....	6.290.236	3.766.778
Fullunnar afurðabirgðir .....	61.225.290	69.125.675
Rekstrarvörur .....	3.884.267	4.418.574
Veiðarfæri .....	8.687.326	8.870.550
	<u>80.087.119</u>	<u>86.181.577</u>

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 61,2 milljónir dollara þann 31.03.2024 samanborið við 69,1 milljónir dollara þann 31.12.2023. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunninna afurðabirgða í lok tímabils nema allt að 72,4 milljónum dollara í samanburði við 87,6 milljónir dollara í lok árs 2023.

Birgðir samstæðunnar á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok árs 2024 og byggir m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum.

### 6. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.3.2024	31.12.2023
Almennar viðskiptakröfur .....	21.526.190	10.210.004
Viðskiptakröfur á tengd félög .....	14.192.828	25.565.821
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(353.950)	(422.383)
	<u>35.365.067</u>	<u>35.353.442</u>

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli Síldarvinnslunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	31.3.2024	31.12.2023
Staða í ársbyrjun .....	(422.383)	(809.847)
Breyting á niðurfærslu .....	62.686	399.764
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu .....	0	1.040
Áhrif gengisbreytinga .....	5.747	(13.340)
Staða í lok tímabils .....	<u>(353.950)</u>	<u>(422.383)</u>

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapsreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

## Skýringar

### 7. Skuldir við lánastofnanir

Langtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:	31.3.2024	31.12.2023
Skuldir í USD .....	148.817.544	150.989.876
Skuldir í EUR .....	105.310.515	131.984.804
Skuldir í GBP .....	4.513.336	4.549.380
Skuldir í NOK .....	10.409.288	11.052.178
Skuldir í JPY .....	3.307.097	3.535.000
	<u>272.357.780</u>	<u>302.111.238</u>
Afborganir næstu 12 mánaða .....	(12.345.044)	(47.538.882)
Langtímaskuldir í lok tímabils .....	<u>260.012.736</u>	<u>254.572.356</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Afborganir næstu 12 mánaða .....	12.345.044
Afborganir á árinu 2025-2026 .....	9.447.684
Afborganir á árinu 2026-2027 .....	201.288.959
Afborganir á árinu 2027-2028 .....	43.690.749
Afborganir á árinu 2028-2029 .....	1.402.776
Afborganir síðar .....	4.182.568
	<u>272.357.780</u>

Langtímaskuldir samtals USD 272.357.780, koma þannig fram í efnahagsreikningi:	31.3.2024
Afborganir næstu 12 mánaða , færðar meðal skammtímaskulda.....	12.345.044
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	260.012.736
	<u>272.357.780</u>

Breyting á langtímaskuldum greinist þannig:	31.3.2024	31.12.2023
Langtímaskuldir í upphafi árs .....	302.111.238	285.775.606
Tekin langtímalán .....	0	86.328.686
Afborganir langtímalána .....	(26.113.068)	(73.721.274)
Gengis- og þýðingarmunur .....	(3.640.390)	3.728.220
Langtímaskuldir í lok tímabils .....	<u>272.357.780</u>	<u>302.111.238</u>

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, framlegð og skuldsetningarhlutfall. Í lok tímabils stóðust allir skilmálar lánasamninga.

Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

	31.3.2024	31.12.2023
Skuldir í EUR .....	19.429.467	2.561.814
	<u>19.429.467</u>	<u>2.561.814</u>

## Skýringar

### 8. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélög, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
<b>Árið 2023</b>				
Hlutdeildarfélög.....	10.704.259	13.881.915	2.219.430	511.300
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	144.127.491	37.357.309	23.346.391	1.422.924
	<u>154.831.751</u>	<u>51.239.224</u>	<u>25.565.821</u>	<u>1.934.224</u>
<b>Tímabilið 1. janúar - 31. mars 2024</b>				
Hlutdeildarfélög.....	1.684.357	1.902.683	1.310.321	492.444
Hluthafar félagsins og félög í þeirra eigu.....	24.576.820	4.409.085	12.882.507	183.443
	<u>26.261.177</u>	<u>6.311.768</u>	<u>14.192.828</u>	<u>675.887</u>

Kröfur á tengda aðila eru tilkomnar vegna hefðbundinna viðskipta og eru því tilgreindar meðal viðskiptakrafna.

## Skýringar

### 9. Önnur mál

#### **Kaup á helmingshlut í sölufélaginu Ice Fresh Seafood ehf.**

Þann 26. september 2023 var skrifað undir kaup Síldarvinnslunnar hf. á helmingshlut í sölufyrirtækinu Ice Fresh Seafood ehf.

Ice Fresh Seafood ehf. hefur lengi verið leiðandi fyrirtæki í sölu- og markaðssetningu sjávarafurða frá Íslandi og hefur meðal annars séð um sölu á hluta afurða Síldarvinnslunnar og Vísis ehf. á undanförunum árum. Sölnet fyrirtækisins nær til yfir 60 landa og á bak við það er áratuga þekking og viðskiptasambönd á helstu mörkuðum fyrir íslenskt sjávarfang.

Verðmæti Ice Fresh Seafood ehf. í viðskiptunum er metið 42,9 milljónir evra sem jafngildir 1,76 sinnum bókfært virði eigin fjár þess hinn 31. desember 2022. Viðskiptin felast annars vegar í kaupum á núverandi hlutum af Samherja hf. fyrir 10,7 milljónir evra, og hins vegar útgáfu nýs hlutafjár í Ice Fresh Seafood ehf. að fjárhæð 21,5 milljónir evra. Heildarvirði Ice Fresh Seafood ehf. verður 64,4 milljónir evra eftir hlutafjárukninguna og fjárfesting Síldarvinnslunnar hf. nemur því í heild 32,2 milljónum evra.

Samhliða þessum viðskiptum mun Ice Fresh Seafood ehf. ganga frá kaupum á eignarhlutum í erlendum sölufélögum sem fyrirtækið hefur átt í farsælu viðskiptasambandi við undanfarin ár. Um er að ræða helmingshlut í Seagold Ltd. í Bretlandi, 100% eignarhlut í Ice Fresh Seafood SAS í Frakklandi, 67% hlutafjár í Ice Fresh Seafood Spain S.L. og helmingshlut í Aquanor Marketing Inc. í Bandaríkjunum fyrir samtals 13,9 milljónir evra. Verðmæti félaganna fjögurra í þessum viðskiptum er 1,37 sinnum bókfært virði eigin fjár þeirra í árslok 2022. Félögin voru áður hluti af samstæðu Samherja Holding ehf. og unnið hefur verið að viðskiptunum frá því í lok árs 2022.

Þá mun Ice Fresh Seafood ehf. ganga frá kaupum á helmingshlut í sölufélaginu Cabo Norte S.A. á Spáni af Síldarvinnslunni fyrir 4,9 milljónir evra. Virði hlutarins byggir á því að verðmæti Cabo Norte S.A. sé 1,3 sinnum bókfært virði eigin fjár félagsins í lok árs 2022. Velta Ice Fresh Seafood ehf. var 337 milljónir evra árið 2022 og velta erlendu sölufélaganna var 194 milljónir evra. Samanlögð velta að teknu tilliti til sölu milli félaga var 485 milljónir evra. Samanlögð EBITDA félaganna var 6,7 milljónir evra leiðrétt fyrir einskiptis kostnaði hjá Ice Fresh Seafood ehf. vegna stríðsins í Úkraínu.

Kaupin eru háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar og samþykki Samkeppniseftirlitsins á þeim. Áhrif kaupanna verða ekki færð í reikningskil samstæðunnar fyrr en öllum skilyrðum hefur verið fullnægt og fyrirvörum aflétt.

#### **Áhrif náttúruhamfara í Grindavík**

Jarðhræringar sem og eldsumbrot hafa haldið áfram á Reykjanesskaganum í nálægð við Grindavík en dótturfélagið Vísir ehf. er með frystihús og saltfiskvinnslu í Grindavík.

Samþykkt voru lög á Alþingi um uppkaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík en lögin tóku ekki til atvinnuhúsnæðis. Ljóst er að rekstur er ekki einfaldur í bæjarfélagi án íbúa. Auk óvissu um framhald atburðanna ríkir einnig óvissa um lagatúlkningar sem snerta váttryggingarvernd við þær aðstæður sem ríkja á svæðinu.

Gripið var til bráðabirgðaaðgerða til að tryggja vinnslu á saltfiski til að bregðast við óvissunni í Grindavík. Hófst vinnsla í Cuxhaven í Þýskalandi um miðbik janúar og í byrjun febrúar var ein framleiðslulína flutt í húsnæði Síldarvinnslunnar í Helgúvík til vinnslu þar. Hefur starfsemi á báðum stöðum gengið vel.

Í febrúar voru 130 starfsmenn teknir af launaskrá hjá Vísi og settir yfir á úrræði ríkisins vegna náttúruhamfaranna sem gilda út júní. Ráðningarsamband helst þó áfram. Hluti starfsmanna er aftur kominn á launaskrá Vísis ehf.

Áframhaldandi starfsemi og rekstrargrundvöllur í Grindavík er til skoðunar en við mat á því skiptir öryggi starfsfólks og váttryggingarvernd miklu máli.

Það er ljóst að sú röskun sem orðið hefur á starfsemi Vísis hefur valdið tjóni í formi tapaðrar framlegðar. Stjórnendur telja hins vegar rekstrarhæfi félagsins og samstæðunnar ekki vera í hættu. Unnið er að því að móta framtíðarstefnumörkun fyrir reksturinn.

## Skýringar

### 10. Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar á árinu 2023 greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	4 F 2023	3 F 2023	2 F 2023	1 F 2023	Samtals
Seldar vörur.....	86.111.487	106.827.513	79.516.215	131.469.183	403.924.398
(Tap) hagnaður af sölu eigna.....	710.338	21.609	34.682	9.879	776.508
<b>Rekstrartekjur.....</b>	<b>86.821.825</b>	<b>106.849.122</b>	<b>79.550.897</b>	<b>131.479.062</b>	<b>404.700.906</b>
Kostnaðarverð seldra vara.....	35.266.568	43.537.591	34.219.334	59.843.395	172.866.888
Laun, aflahlutir					
annar starfsmannakostnaður.....	23.720.771	25.187.271	22.111.447	29.724.734	100.744.223
Annar rekstrarkostnaður.....	2.434.524	2.440.016	2.104.736	2.351.187	9.330.463
<b>Rekstrargjöld.....</b>	<b>61.421.863</b>	<b>71.164.878</b>	<b>58.435.517</b>	<b>91.919.316</b>	<b>282.941.574</b>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	25.399.962	35.684.244	21.115.380	39.559.746	121.759.332
Afskriftir fastafjármuna.....	7.410.491	4.459.597	4.417.747	4.945.535	21.233.370
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>17.989.471</b>	<b>31.224.647</b>	<b>16.697.633</b>	<b>34.614.211</b>	<b>100.525.962</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(5.628.628)	(1.731.804)	1.033.252	398.016	(5.929.164)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага.....	557.210	(3.208.710)	(1.168.138)	1.428.451	(2.391.187)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt.....</b>	<b>12.918.053</b>	<b>26.284.133</b>	<b>16.562.747</b>	<b>36.440.678</b>	<b>92.205.611</b>
Tekjuskattur.....	(2.296.695)	(6.218.252)	(3.341.768)	(6.913.114)	(18.769.829)
<b>Hagnaður tímabilsins.....</b>	<b>10.621.358</b>	<b>20.065.881</b>	<b>13.220.979</b>	<b>29.527.564</b>	<b>73.435.782</b>

Rekstur samstæðunnar á árinu greinist þannig eftir ársfjórðungum:

	1 F 2024	Samtals
Seldar vörur.....	81.280.584	81.280.584
Hagnaður af sölu eigna.....	90.637	90.637
<b>Rekstrartekjur.....</b>	<b>81.371.221</b>	<b>81.371.221</b>
Kostnaðarverð seldra vara.....	37.809.303	37.809.303
Laun, aflahlutir og		
annar starfsmannakostnaður.....	21.818.197	21.818.197
Annar rekstrarkostnaður.....	2.536.970	2.536.970
<b>Rekstrargjöld.....</b>	<b>62.164.470</b>	<b>62.164.470</b>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.....	19.206.751	19.206.751
Afskriftir fastafjármuna.....	4.672.344	4.672.344
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>14.534.407</b>	<b>14.534.407</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(2.103.193)	(2.103.193)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага.....	1.553.808	1.553.808
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt.....</b>	<b>13.985.022</b>	<b>13.985.022</b>
Tekjuskattur.....	(2.716.472)	(2.716.472)
<b>Hagnaður tímabilsins.....</b>	<b>11.268.550</b>	<b>11.268.550</b>